

SAMÞYKT**56**
10. júlí

um

lokunartíma sölubúða í Akureyrarkaupstað.**1. gr.**

Allar sölubúðir kaupmanna í Akureyrarkaupstað, að undanskildum þeim sölubúðum, sem eingöngu versla með brauð og mjólk, skulu vera lokaðar eftir því, sem ákveðið er í 2. og 4. grein.

2. gr.

Sölubúðir skulu ekki opnaðar fyrir en kl. 9 árdegis.

3. gr.

Frá 1. janúar til 31. maí og frá 1. nóvember til 30. desember skal öllum sölubúðum lokað alla virka daga ekki síðar en kl. 7 að kvöldi, og mánuðina júní til október skal þeim lokað ekki síðar en kl. 8 síðdegis.

Aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal öllum sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 4 síðdegis. — Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að hafa sölubúðir opnar til kl. 11 síðdegis.

4. gr.

Almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta, 17. júní og 1. desember mega engar sölubúðir vera opnar.

5. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja á strætum og torgum eða annarsstaðar utan sölubúða kaupmanna, nema úr sjálfsölum, nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verslunarleyfi. Heimilt er þó að selja einnig á þeim tíma kol, salt, veiðarfæri og skipsforða handa skipum, og sömuleiðis er leyfilegt að taka á móti innlendum vörum aðkomumanna í geymsluhúsum kaupmanna.

6. gr.

Menn, sem komnir eru inn í verslun fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

7. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, 20—500 kr., og renna sektirnar í bæjarsjóð. Mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal reka sem almenn lögreglumál.

56
10. júlí

8. gr.

Með samþykkt þessari er úr gildi numin samþykkt um lokunartíma sölubúða í Akureyrarkaupstað frá 10. mars 1919.

Samþykkt þessi staðfestist hjermeð samkvæmt lögum nr. 79, 14. nóv. 1917, sbr. lög nr. 9, 2. ágúst 1918 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. júlí 1923.

Kl. Jónsson.

Vigfús Einarsson.

57
11. júlí

REGLUGJÖRÐ

um

bann við dragnótaveiði í landhelgi við sunnanverðan Faxaflóa.

Samkvæmt lögum nr. 27, 20. júní 1923 um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna dragnótaveiðar í landhelgi, eru hjer með sett eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

Enginn má nota neina tegund dragnóta, þar á meðal kolanætur (Snurrevaad), til fiskiveiða í landhelgi fyrir framan strandlengju Vatnsleysustrandarhrepps, Keflavíkurhrepps og Gerðahrepps. Nær bann þetta jafnt til allra skipa og báta, sem slík veiðarfæri nota. Þó skal jarðeigendum eða þeim, er afnotarjett hafa þeirra jarða, sem að sjó liggja á bannsvæðinu, heimilt að draga þar ádráttarnætur eða fyrirdráttarnætur á land.

2. gr.

Lögreglustjóra og skipum þeim, er hafa landhelgisgæslu á hendi, ber að annast um, að bannákvæðum reglugjörðar þessarar sje hlýtt. Kostnaður við eftirlitið greiðist úr ríkissjóði.